



## Bæjarráð Hafnarfjarðar

### b.t. Haraldar Líndal Haraldssonar

Hafnarfirði 20. mars 2017

Fimleikafélag Hafnarfjarðar óskar eftir heimild Hafnarfjarðarbæjar til líkningar bygginga við aðalvöll félagsins í Kaplakrika, einnig óskar Fimleikafélagið eftir að gatnagerðargjöld vegna bygginganna verði greidd með “umfram” eignarhlut í núverandi mannvirkjum í Kaplakrika.

Meðfylgjandi eru hugmyndir að útliti bygginganna. Heildarflatarmál verður um 8.800 fermetrar og er áætlað að 2.300 fermetrar verði sjúkra- og læknaþjónusta, 2.000 fermetrar verði smærri íbúðir og/eða hótelíbúðir og 4.500 fermetrar verði hótelstarfsemi. Öll hönnun er og mun verða innan núverandi deliskipulags og mun bílastæðapörf verða fullnægt með “bílakjallara”.

Fimleikafélag Hafnarfjarðar hefur undanfarið ár unnið að undirbúnungi og hönnun framkvæmdanna og mun verða stofnað sérstakt hlutafélag um verkefnið þar sem Fimleikafélagið verður eigandi 50% hlutafjár og nokkrir fjárfestar munu koma með hinn helming hlutafjárins.

Framkvæmdir þessar ásamt byggingu Skessunnar munu verða lokahnykkur framkvæmda á lóð Fimleikafélagsins í Kaplakrika og fullnægja þörf félagsins hvað varðar ný mannvirkir næstu 15-20 árin. Það er einnig von félagsins að hið nýja hlutafélag verði til að efla og styrkja starf Fimleikafélagsins ásamt því að framkvæmdin mun gera aðalvöll félagsins að glæsilegum knattspyrnuvelli í hæsta gæðaflokki og ásýnd Kaplakrika mun verða sveitarfélaginu og Fimleikafélaginu til mikils sóma en til gamans má geta þess að framkvæmdir í Kaplakrika hófust 15. mars 1968 eða fyrir 49 árum síðan.

f.h. Fimleikafélags Hafnarfjarðar

Viðar Halldórsson, formaður.